

Athugun og mat  
10.30.05

Háskóli Íslands  
Félagsvísindadeild  
Vor 2006

## Úttekt á matstæki: ASEBA

Kennari:  
Sif Einarsdóttir

Nemendur:  
Sigrún García Thorarensen  
Soffía Einarsdóttir

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Upphaf og þróun ASEBA mælitækisins .....	3
Notkun ASEBA .....	4
Uppbygging ASEBA .....	5
Stöðlun og viðmið .....	6
DSM viðmið .....	8
Hráeinkunn og T einkunn .....	8
Áreiðanleiki .....	9
Réttmæti .....	11
Þvermenningarlegar rannsóknir .....	12
ASEBA í námsráðgjöf .....	13
Lokaorð .....	14
Heimildaskrá .....	15

## Inngangur

Frumkvöðull og hönnuður ASEBA mælitækisins er Dr. Thomas M. Achenbach en upphafið má rekja til ársins 1960 þegar hann hóf að þróa mælitæki sem gæfu fjölbreyttari mynd af sálsýki barna og fullorðinna en tíðkaðist á þeim árum.

ASEBA mælitækið er ætlað fjórum aldurshópum; leikskólaaldri, 1½ - 5 ára, skólaaldri, 6-18 ára, fullorðinsaldri, 18-59 og loks fullorðinsárum, 60+. Í hverjum aldurshóp ASEBA mælitækisins er um að ræða tvo til þrjá spurningarlista. Fyrir leikskóla- og skólaaldur eru notaðir foreldralistar og kennaralistar, en jafnframt fylla börnin út sjálfmatslista þegar þau hafa náð ellefu ára aldri. Foreldralistinn er lagður fyrir báða foreldra því líkur eru á því að foreldrar sjái ekki hegðun barns síns á sama hátt. Að sama skapi er mikilvægt að sem flestir kennarar barnsins fylli út listann því upplifun þeirra af barninu getur verið ólík. Sömu tegundir lista eru notaðir fyrir báða flokka fullorðinsaldurs en það eru sjálfsmatslistar og atferlislistar sem einhver nákominn einstaklingnum fyllir út (Achenbach og Rescorla, 2001).

Hér á eftir ætlum við að fjalla um þann hluta ASEBA mælitækisins sem snýr að skólaaldri, 6-18 ára. Fyrst komum við til með að skoða upphaf og þróun ASEBA mælitækisins og hvernig tækið virkar í notkun. Snúa okkur síðan að uppbyggingu listanna og þeim atriðum sem snúa að notkun þeirra og fyrirlögnum. Stöðlun og viðmið verða jafnframt tekin fyrir svo og dæmi um uppbyggingu spurninga auk þess sem skoðað er hvernig kvarðarnir í ASEBA skiptast niður og hvers vegna. DSM viðmið og tengsl þeirra við ASEBA mælitækið verða skoðuð auk hráeinkunnar og T einkunnar. Síðast en ekki síst verður farið yfir áreiðanleika og réttmæti ASEBA og loks ræðum við um þvermenningarlegar rannsóknir og notkun ASEBA í námsráðgjöf.

## Upphaf og þróun ASEBA mælitækisins

Upphaf Achenbach System of Empirically Based Assessment (ASEBA) má rekja aftur til árána í kringum 1960 þegar Dr. Thomas Achenbach hóf að þróa mælitæki sem gæfu fjölbreyttari mynd af sálsýki barna og fullorðinna en þáverandi mælitæki buðu upp á. ASEBA var sett fram sem ákveðið andsvar við DSM greiningarviðmiðum sem áður voru notuð því talin var þörf á því að fá viðmið sem tækju tillit til aldurs og kyns barna auk þess sem kostur væri gefinn á því að kalla fram samræmdar upplýsingar frá ólíkum fagaðilum. Á þeim tíma sem ASEBA kom fyrst fram á sjónarsviðið voru eingöngu tveir DSM flokkar í notkun fyrir geðræna kvilla barna en þeir voru „*Adjustment Reaction of Childhood*” og „*Schizophrenic Reaction, Childhood Type*”. Er ASEBA mælitækið því fyrst og fremst þróað í hagnýtum tilgangi (Achenbach, 1978, ASEBA, 2006b; ASEBA á Íslandi, e.d.).

Mikilvægt er að geta metið hegðun barns við ólíkar aðstæður þegar upp koma spurningar um andlegan og félagslegan þroska þess og er Child Behavior Check List unnin út frá fjölþættu mati (multiaxial assessment) (Achenbach, 1991). Frumvinnan að Child Behavior Check List (CBCL) var unnin í rannsókn sem Achenbach gerði í samstarfi við Dr. Melvin Lewis í kringum 1970. Þeir notuðu reynslumiðaða nálgun í rannsókninni en með henni var grunnurinn að CBCL lagður. Uppkast af ASEBA hugtakagrunninum kom síðan fram í tengslum við þróunarrannsókn í sálsýkisfræði sem Achenbach gaf lýsingu á í bók sinni, *Developmental Psychopathology*. Út frá frumdrögunum sem birtar voru í bókinni gaf Achenbach fyrstu CBCL handbókina út árið 1983, í samstarfi við Dr. Craig Edelbrock. Í framhaldi af því samstarfi voru gefnar út handbækur fyrir Teacher's Report Form (TRF) árið 1986 og Youth Self Report (YSR) árið 1987 (ASEBA, 2006c).

ASEBA mælitækið er fyrst og fremst rannsakað, þróað og framleitt hjá Research Center for Children, Youth and Families, Inc. sem er staðsett við háskólann í Vermont. Forstjóri miðstöðvarinnar er Thomas Achenbach Ph.D, frumkvöðull ASEBA mælitækisins, en hann hefur verið prófessor í geðlækningum og sálfræði við Háskólann í Vermont síðan árið 1980. Achenbach útskrifaðist með BA gráðu frá Yale háskóla árið 1962 en fékk doktors gráðu í sálfræði við Minnesota háskóla árið 1966 (ASEBA, 2006a).

## Notkun ASEBA

Sálfræðilegt mat hefur verið skilgreint á mismunandi vegu en Walsh og Betz (2001) vilja skilgreina sálfræðilegt mat sem ferli þar sem reynt er að skilja einstakling og hjálpa honum að takast á við vandamál. Í ferlinu eru oft notuð sálfræðileg próf til þess að ná fram mikilvægum upplýsingum um einstaklinginn og nánasta umhverfi hans. Hagnýt merking getur því verið í fjórum hlutum, það er vandamálið, upplýsingaöflun, skilningur á upplýsingunum og að takast á við vandann. Þessi skilgreining fellur mjög vel að notkun ASEBA mælitækisins.

ASEBA listarnir hafa verið þýddir á 74 tungumál og eru mikið notaðir til dæmis í geðheilsupþjónustu, í skólum og við ráðgjöf barna (ASEBA, 2006d). Spurningarlistarnir voru upphaflega hannaðir fyrir bandarískt samfélag en eru nú notaðir um heim allan. Niðurstöður samanburðarrannsóknar sem lögð var fyrir í 31 landi í tengslum við hegðun barna sem eiga við andleg vandamál að stríða leiddi í ljós að í ólíkum löndum þar sem fólk býr við mismunandi menningu hafi sömu vandamálin nánast verið tilgreind alls staðar (Jón Pétur Jónsson, 2005).

ASEBA mælitækið fangar bæði það sem er líkt og ólíkt með því hvernig börn koma fram við mismunandi aðstæður og með mismunandi einstaklingum. Ef við tökum sem dæmi 15 ára dreng þá eru allar líkur á því að hann sýni mismunandi hegðunarmynstur með móður sinni eða föður. Hegðun hans getur jafnframt verið öðruvísi í skólanum en heima, auk þess sem hann getur hegðað sér á misjafnan máta með mismunandi kennurum innan skólans. Til þess að fá fram sem besta sýn á viðkomandi nemanda þurfa sem flestir að fylla út matsblöðin. Foreldrar eiga til dæmis að fylla út listana í sitthvoru lagi og æskilegast er að sem flestir kennarar viðkomandi nemanda fylli út listana. Jafnframt er mikilvægt að 15 ára einstaklingur fylli sjálfur út sjálfsmatsform (YSR) því líklegt er að hann sjái athafnir sínar í öðru ljósi heldur en aðrir auk þess sem hann getur gefið upplýsingar um hluti sem aðrir sjá ekki eða vita ekki um (Achenbach og Rescorla, 2001). Þegar allir matslistar hafa verið fylltir út eru þeir skoraðir á megindegum kvörðum. Margir þættir mismunandi vandamála sem spanna vítt svið eru skoðaðir, má nefna sem dæmi áfengisdrykkju, tíð slagsmál, ánægju, óánægju, depurð, lélegan námsárangur, athyglisbrest og fleira (Jón Pétur Jónsson, 2005). Ef skoðuð er dæmigerð framvinda við notkun ASEBA þá byrjar ferlið á því að komið er með tilvísun til fagaðila en ASEBA

mælitækin er ætluð til notkunar af fagfólki og er gert ráð fyrir að viðkomandi fagaðili sé með meistaragráðu auk þess að hafa hlotið þjálfun í fyrirlögn og úrvinnslu ASEBA gagnanna (Achenbach og Rescorla, 2001). Þegar skipulögð hefur verið mæling á barninu eru foreldrar, kennarar og barnið, ef það er 11 ára eða eldra, látin fylla út matslista. Því næst er unnið úr listunum til þess að bera kennsl á þau svið er kunna að valda áhyggjum. Auk þess er á þessu stigi aflað annarra gagna ef þess telst þörf. Við úrvinnslu og samanburð eru borin kennsl á styrkleika og vanda einstaklingsins út frá sjónarhorni hvers upplýsingagjafa fyrir sig. Eins er mat allra aðila borið saman til þess að finna samræmi og mismun. Að þessu loknu er haft samráð við foreldra og kennara um það hvernig best er að standa að íhlutun ef hennar telst þörf. Að því samráði loknu fer íhlutunin af stað og skömmu seinna eru ASEBA listarnir lagðir fyrir aftur til þess að athuga breytingar og hvort þörf er á að aðlaga íhlutunina. Að lokum er svo ASEBA matstækið svo og önnur matstæki notuð til þess að meta hvort tilætluðum árangri hafi verið náð (Halldór Guðmundsson, 2006).

Einn helsti kosturinn við ASEBA er talinn vera sá að mælitækið er einfalt í notkun og kostnaði haldið í lágmarki auk þess sem tækið er ekki tímafrekt en að jafnaði á aðeins að taka fimmtán til tuttugu mínútur að fylla út hvern matslista. Notendur mælitækisins þurfa þó að vera meðvitaðir um að tækinu er ætlað að útvega staðlaða lýsingu á virkni barnsins. Engar niðurstöður sem fást úr mælitækinu á að leggja að jöfnu við sérstaka greiningu eða röskun heldur mun fagmaðurinn sem leggur prófið fyrir samþætta gögnin sem fást úr ASEBA við önnur gögn til að útvega ítarlegra mat á virkni barnsins (Achenbach og Rescorla, 2001).

### **Uppbygging ASEBA**

ASEBA mælitækin hafa sett alþjóðlegan staðal á upplýsingaöflun við mat á börnum og fullorðnum frá ólíkum aðilum. Við þróun viðmiða er hægt er að styðjast við mikið magn nýrra gagna en gerðar hafa verið yfir 5000 rannsóknir í 50 löndum. Mælitækin hafa verið notuð í ólíku samhengi og má þá til dæmis nefna skóla, meðferðarvinnu, rannsóknir, geðheilbrigðisþjónustu og rannsóknarviðtöl (ASEBA á Íslandi, e.d.).

Aðferð ASEBA mælitækisins er fjórþætt. Vandinn er fyrst mældur út frá stóru úrtaki barna og unglinga, því næst er margbreytileg tölfræðileg úrvinnsla framkvæmd en hún

segir til um tengsl vanda svo hægt sé að bera kennsl á einkennamynstur vanda sem birtist saman. Að því loknu eru notaðar frásagnir og upplýsingar um leikni og þátttöku í hinum ýmsu athöfnum, má þar til dæmis nefna félagsleg tengsl, skóla og vinnu til að meta færni og aðlögun einstaklingsins við mismunandi aðstæður. Að lokum eru smíðaðar myndir af kvörðum sem sýna skor einstaklingsins út frá viðmiðum fyrir kyn hans og aldur (ASEBA á Íslandi, e.d.).

ASEBA matslistarnir eru í stöðugri þróun og komu nýir og endurskoðaðir listar á markaðinn árið 2001. Einn helsti munurinn á CBCL listunum 2001 og eldri útgáfunni sem kom út 1991, er sá að 1991 útgáfan var ætluð fyrir 4 - 18 ára börn og unglínga en endurskoðaða útgáfan er fyrir skólaaldur, það er 6 - 18 ára. Aldurinn sem felldur var úr CBCL listunum fellur núna undir CBCL 1½ - 5 ára. Til þess að endurbæta matið á hegðunarvandamálum, athyglisbresti og þunglyndi var skipt um atriði sem sjaldan var fallist á eða skiluðu gagnlausum niðurstöðum. Jafnframt var orðalag í nokkrum spurningum lagað (Achenbach og Rescorla, 2001).

Úrtakið sem notað var við gerð ASEBA kvarðanna var mjög breiður og í hverjum aldurshópi var úrtakið frá mörgum löndum. Á þann hátt var reynt að gera úrtakið sem dæmigerðast til viðmiðunar. Vandí einstaklinga er svo mældur og útreikningar fyrir hvern og einn miðaður við úrtakið (Achenbach og Rescorla, 2001).

### **Stöðlun og viðmið**

Til að öðlast heilbrigðan þroska þurfa börn á margvíslegri hæfni og virkni að halda. Heildarmat þarf að gera ráð fyrir fjölbreytilegri aðlögunarhæfni barna til þess að tryggja að styrkleiki jafnt sem veikileiki þeirra sé metinn. Það er gagnlegt að vita nákvæmlega hvaða hæfni einkennir hvert barn og hvar barnið er staðsett í þroska miðað við jafningja (Achenbach og Rescorla, 2001).

Lítið hafði verið um rannsóknir á þeim hæfniþáttum sem greina á milli heilbrigðra barna og þeirra barna sem þarfnast aðstoðar vegna hegðunar-, tilfinningalegra og félagslegra vandamála áður en CBCL listarnir voru gefnir út. Margar aðferðir voru prófaðar til að meta æskilega hæfniþætti á grundvelli frásagna eða skýrslna heimildarmanna. Út frá niðurstöðum mismunandi aðferða voru þróaðir hæfnikvarðar sem eru á blaðsíðum 1 og 2 á CBCL og YSR listunum. Þessi atriði krefjast upplýsinga um

virgni barnsins og sambönd þess við aðra. Beðið er um upplýsingar um frammistöðu í skóla og á CBCL listanum er einnig beðið um upplýsingar um sérstakar námsþarfir svo sem stuðning í námi og lýsingar á vandamálum í skóla (Achenbach og Rescorla, 2001).

Til þess að aðskilja hæfnina er atriðunum skipt niður á sérstaka kvarða sem eru; virknikvarði, félagshæfnikvarði, námshæfnikvarði og að lokum heildarhæfnikvarði. Á bæði CBCL og YSR listunum samanstendur virknikvarðinn af atriðum I, II, og IV þar sem um er að ræða íþróttir, vinnu og húsverk. Dæmi um spurningu af þessum kvarða er „Hvaða íþróttum finnst þér skemmtilegast að taka þátt í?“ og „Greindu frá öllum störfum og verkum sem barnið stundar“. Félagshæfnikvarðinn inniheldur atriði III, V, VI sem eru þátttaka í félagssamtökum og félagsleg sambönd, dæmi um spurningar eru „Um það bil hversu marga vini áttu?“ og „Greindu frá helstu tómsundaiðju barns að íþróttum undanskildum“. Á CBCL listanum samanstendur námshæfnikvarðinn af fjórum hlutum í atriði VII sem eru meðal annars frammistaða í skóla, sérkennsla og vandi tengdur námi. Dæmi um spurningu á námshæfnikvarðanum er „Frammistaða í skóla, merktu við helstu námsgreinar barnsins“ og er þá merkt við hvernig gengi barnsins er í þeirri grein; illa, fyrir neðan meðallag, í meðallagi og fyrir ofan meðallag (sjá viðauka 1, 2 og 3) (Achenbach, 2001a; Achenbach, 2001b; Achenbach og Rescorla, 2001).

Til þess að ákvarða hvaða atriði ættu að vera á hæfnikvarðanum var greint á milli hæfniatriða heilbrigðra barna annars vegar og hins vegar barna sem áttu við hegðunar- og tilfinningalegar raskanir að stríða. Reynt var að finna þau atriði sem greina þessi börn að (Achenbach og Rescorla, 2001).

Vandamálakvarðinn samanstendur af 118 atriðum sem tengjast hegðun og tilfinningalífi barna. Kvarðinn var hannaður svo foreldrar gætu á staðlaðan hátt lýst hegðunar- og tilfinningaröskunum barna sinna. Skipta má vandamálakvarðanum í tvennt; innri (internal) og ytri (external) kvarða. Innri kvarðinn endurspeglar vandamál innra með einstaklingnum, tilfinningavandamál svo sem kvíða, þunglyndi og líkamlega vanlíðan án þekktrar læknisfræðilegrar ástæðu ásamt því að viðkomandi dregur sig í hlé frá félagslegum aðstæðum. Ytri kvarðinn er í andstöðu við innri kvarðann en þaðan endurspeglast ytri vandamál svo sem ágreiningur við annað fólk og væntingar þeirra um hegðun barna. Mikilvægt er að öðlast vitneskju um á hvorum kvarðanum vandamálin liggja hjá einstaklingi þegar kemur að meðferð eða ákvörðun um hana. Flestir



einstaklingar lenda á öðrum hvorum kvarðanum þó svo sumir séu á þeim báðum (Achenbach og Rescorla, 2001).

### **DSM viðmið**

DSM kvarðar þjóna margvíslegum tilgangi en ólíkt þeim einkennum sem fram koma í ASEBA kvörðunum fyrir CBCL, YSR og TFR þá er DSM kvarðinn fyrir vandræðahegðun ekki leiddur af stöðluðu mati á vandræðahegðun barna. Engu að síður eru tæki eins og CBCL, YSR og TRF oft notaðir til að búa til staðla til að sjá á hverju eigi að byggja greiningar (Achenbach og Rescorla, 2001).

Rannsóknir hafa sýnt þýðingarmikil sambönd á milli DSM og ASEBA kvarðanna. Ástæðan fyrir því hversu sterk samböndin eru byggist á mörgum atriðum. Sem dæmi um þessi atriði má nefna þjálfun og afstöðu sérfræðinga sem sjá um greiningar, aldur barna sem fara í greiningu, tegundir vandamála sem börnin eiga við að stríða, upplýsingar sem notaðar eru við greiningar, hvernig greiningin nálgast og sameinar upplýsingar og að lokum sérstakir reynslukvarðar sem eru greindir samkvæmt afstöðu við sjúkdómsgreiningarnar (Achenbach og Rescorla, 2001).

Til þess að hjálpa starfandi læknum og rannsóknaraðilum sem vinna með börnum á skólaaldri hafa verið smíðaðir kvarðar til þess að fá niðurstöður úr CBCL, YSR og TRF listunum sem reyndir sálfræðingar og geðlæknar segja vera samkvæmar DSM-IV greiningarviðmiðum. Var þetta gert með því að endurskapa lýsandi mælikvarða fyrir nokkur af DSM-IV greiningarviðmiðum, til dæmis kvíðaraskanir, athyglisbrest, ofvirkni og hegðunarraskanir. Því næst voru smíðaðir listar til þess að meta stöðugleika hvers vandamála atriðis í CBCL, YSR og TRF listunum miðað við greiningarviðmiðin. 22 geðlæknar og sálfræðingar frá 16 löndum voru fengnir til þess að meta hversu samkvæmar niðurstöðurnar voru fyrir hvern greiningarflokk. Atriðin sem metin voru mjög stöðug töldu að minnsta kosti fjórtán af sérfræðingunum vera nægilega samkvæm DSM flokkunum til þess að vera innifalin í DSM kvörðum (Achenbach og Rescorla, 2001).

### **Hráeinkunn og T einkunn**

Megin tilgangur T einkunna er að fá fram samanburð á hve mikill munur er á hegðunarmynstri barna á mismunandi kvörðum og samkvæmt mismunandi mælitækjum. Í ASEBA mælitækinu er hráeinkunn á CBCL hæfniskalanum neikvætt skekkt miðað við

stöðlunarúrtak. Það er, stórt hlutfall barna án tilvísana til sérfræðinga fengu tiltölulega háa hæfni einkunn. Ennfremur er lág einkunn klínískt marktæk á hæfnikvarðanum. Til að taka skekka dreifingu og þörfina fyrir nákvæmari aðgreiningu á milli lágra skora fremur en á milli hárra skora á hæfnikvarðanum inn í myndina var T einkunn sett á hæfnikvarðann á eftirfarandi hátt (Achenbach, 1991).

Efst á hverjum hæfnikvarða var T einkunn 55 ákveðin fyrir allar hráeinkunnir sem voru með hundraðstöluna 69 eða yfir. Á lægri enda hvers kvarða var ákveðið að T einkunnin yrði 30. Því næst var eftirliggjandi hráeinkunnum deilt í jöfn T einkunna millibil niður í T einkunnina tuttugu. Þar sem ekki eru margar hráeinkunnir undir annarri hundraðseinkunn á hæfnikvarðanum var ákveðið að lág hæfnieinkunn væri á sviði aðeins tíu T einkunna, það er á milli 20 og 29. Brotnu línurnar sem afmarka T einkunnirnar á milli 30 og 33 (sjá viðauka 4) aðgreina mörk klínískra sviða sem spanna frá annarri til fimmtu hundraðstölu af stöðlunarúrtaki. Þetta svið var valið til að áætla sama stig afbrigðileika frá miðju stöðlunarúrtaksins, eins og er sýnt með mörkum klínískra sviða sem eru á bili T einkunnanna 67 til 70. Voru mörkin jafnframt valin til að sýna fram á skilvirka aðgreiningu milli lýðfræðilegra úrtaka, bæði þeirra sem voru með eða án tilvísana til sérfræðinga, á sama tíma og fjölda falskra jákvæðra atriði væri haldið í lágmarki. Ef leitað er að mestu aðgreiningunni á milli afbrigðilegra og óafbrigðilegra barna án þess að gera ráð fyrir falskri jákvæðni getur T einkunnin gert það að verkum að að í sumum tilfellum minnkar hæfnikvarðinn afbrigðileikann (Achenbach, 1991).

T einkunnin 70 segir til dæmis til um það að barn sé staðsett í um það bil 98. hundraðstölu samkvæmt stöðlunartölunni fyrir kyn og aldur barnsins. Ef barnið fengi þá til að mynda T einkunnina 70 fyrir árásargjarna hegðun en 55 fyrir líkamlega vanlíðan, þá er barnið í meiri vandræðum með árásargirni en líkamlega vanlíðan. Að sama skapi ef barn hlýtur T einkunnina 70 á CBCL árásargirni kvarðanum en aðeins 50 á TRF árásargirni kvarðanum þá skýra kennarar barnsins frá minni árásargirni heldur en foreldrar barnsins miðað við stöðlun kvarðanna (Achenbach, 1991).

### **Áreiðanleiki**

Til þess að meta áreiðanleika ASEBA mælitækisins voru notaðar tvenns konar aðferðir, próf-endurpróf og samkvæmni á milli matsmanna. Próf-endurprófun felur það í sér að

sama prófið var lagt fyrir börn sem talin voru hafa stöðugleika í hegðun með stuttu millibili og samræmi á milli niðurstaðna skoðuð. Samkvæmni á milli matsmanna felur í sér að athugað var hvort mismunandi aðilar sem tóku viðtöl fengju svipaðar niðurstöður (Achenbach og Rescorla, 2001).

Til þess að athuga áreiðanleika CBCL niðurstaðna var reiknaður innri fylgnistuðull með einhliða dreifigreiningu. Innri fylgnistuðullinn getur orðið fyrir áhrifum bæði frá fylgni mælinga á forgangsröðun svo og mismuninum á stærðinni (magnitude). Í samanburði þá endurspeglar Pearson fylgnin forgangsröðunina (rank ordering). Pearson fylgnin getur því verið há þó svo að munur sé á umfangi tveggja niðurstaðna sem eru háðar innbyrðis. Má nefna sem dæmi að ef matsmaður A gefur hverjum aðila 10 stigum meira en matsmaður B, þá getur mat þeirra engu að síður fengið Pearson fylgnina 1.00. Sama forgangsröðun endurspeglast nákvæmlega hjá báðum matsmönnum þó svo að munur sé á stærð tölunnar sem þeir gefa hverjum einstaklingi (Achenbach og Rescorla, 2001).

Á hinn bóginn getur mismunur prófs á tveim stærðum niðurstaðna skekkt muninn á milli forgangsröðunar niðurstaðanna. Til dæmis getur próf með mun á niðurstöðum hjá matsmanni C og matsmanni D ekki sýnt neinn marktækan mun og gefið í skyn gott samkomulag. Þó gæti Pearson fylgnin verið .00 og endurspeglað ekkert samkomulag á milli röðunar þeirra á einstaklingum. Samkomulag á forgangsröðun getur verið mjög mikilvægt í sumum tilgangi en samkomulag í stærð niðurstaðna mikilvæg í öðrum tilgangi (Achenbach og Rescorla, 2001).

Í flestum tilfellum leysir einstaklingur CBCL listann sjálfur en þar sem til eru tilfelli þar sem matsmaður leggur spurningarnar fyrir viðkomandi þá var áreiðanleiki prófanna athugaður með samkvæmni á milli matsmanna. Þrír matsmenn voru fengnir til þess að taka viðtöl við 241 barn hver sem voru jafningjar hvað varðaði aldur, kyn og kynþátt, alls 723 börn. Niðurstöðurnar frá matsmönnum þremur voru bornar saman og var innri fylgnistuðull .93 fyrir 20 atriði á hæfnikvarða og .96 fyrir 118 atriði á nákvæmum vandamálakvarða. Þetta gefur til kynna að áreiðanleikinn í samkvæmni á milli matsmanna sé mjög hár í fengnum niðurstöðum fyrir hvert atriði á mótí niðurstöðum sem fengnar eru fyrir hvert annað atriði (Achenbach og Rescorla, 2001).

Til að finna áreiðanleikann með próf-endurprófun var matsmaður sendur á heimili 72 barna sem ekki hafði verið vísað til sérfræðings. Ástæðan fyrir því að notuð voru börn sem ekki höfðu fengið tilvísun var sú að meiri stöðugleiki er í hegðun þeirra en barna sem vísað hefur verið til sérfræðings. Matsmaðurinn lagði listann fyrir móðurina á hverju heimili fyrir sig og kom svo aftur viku síðar og lagði listann aftur fyrir móðurina. Innri fylgnistuðullinn var 1.00 fyrir 20 atriði á hæfnikvarðanum og .95 fyrir 118 atriði á nákvæmum vandamálakvarða. Próf-endurprófun gefur einnig til kynna að áreiðanleikinn sé mjög hár fyrir niðurstöður fengnar úr hverju atriði á móti niðurstöðum fengnum úr öðru hverju atriði (Achenbach og Rescorla, 2001).

### **Réttmæti**

Réttmæti vísar til þess hversu nákvæmlega mælitæki mælir það sem því er ætlað að mæla. ASEBA mælitækin þjóna margvíslegum tilgangi og hægt er að meta réttmæti þeirra á marga vegu. Innihaldsréttmæti er í raun undirstöðuréttmæti, það er að segja það segir til um að hvaða marki innihald tækisins felur í sér það sem tækinu er ætlað að meta. Það viðmiðið sem helst hefur verið notað til þess að rannsaka innhaldsréttmæti CBCL listanna er hvort börnum sem fengið hafa tilvísanir vegna hegðunar- og tilfinningatruflana fái marktækt færri stig á hæfnikvarðanum og fleiri stig á vandamálakvarðanum heldur en börn sem aldrei hafa fengið tilvísanir til sérfræðinga. Auk þess styðja fjögurra áratuga rannsóknir við innhaldsréttmætið ásamt samráði og svörun geðheilsusérfræðinga, sérkennslukennara auk frumprófunar með foreldrum, ungmennum og kennurum. Jafnframt eru listarnir sem notaðir eru í sífelldri endurskoðun (Achenbach og Rescorla, 2001).

Viðmiðsréttmæti vísar til þess að hve miklu leyti það er samband á milli ákveðinnar mælingar eins og til dæmis niðurstöðu úr ASEBA lista og ytri viðmiða fyrir einkenni sem kvarðanum er ætlað að mæla. Til þess að meta hæfni hvers ASEBA kvarða og til að greina á milli barna sem vísað hefur verið til sérfræðings og þeirra barna sem ekki hafa hlotið tilvísanir þá var nauðsynlegt að setja saman úrtak miðað við lýðfræðilega þætti svo tilvísunarstaðan væri ekki bundin við aldur, kyn, þjóðfélagsstöðu eða kynþátt. Voru því valin börn sem höfðu verið metin með CBCL, YSR og TRF listunum og jöfnuðust lýðfræðilega á við börn sem ekki höfðu hlotið tilvísanir til sérfræðinga úr þjóðarkönnun

sem gerð var í Bandaríkjunum og metin voru með sömu listum. Á öllum hæfni- og aðlögunarkvörðum voru áhrif tilvísana mun meiri en lýðfræðileg áhrif (Achenbach og Rescorla, 2001).

Þegar kemur að hugsmíðaréttmæti er hægt er að líta svo á að ASEBA listarnir komi fram fyrir hönd hugsmíða sem eiga rætur að rekja til kerfisbundnar niðurröðunar á atriðum á ASEBA listunum til að fá upplýsingar um reynslu heimildarmanns varðandi börnin sem þeir meta. Munur er á milli heimildarmanna varðandi þekkingu þeirra á hæfni barnsins sem þeir meta, hvaða hlutverki þeir gegna í lífi þess, hve miklu þeir muna eftir auk persónulegra einkenna þeirra sjálfra sem getur haft áhrif á matið. Þar af leiðandi er fylgnin á milli mats mismunandi heimildarmanna, sérstaklega þeirra sem eru í mismunandi hlutverki gagnvart þeim börnum sem þeir meta, skapleg. Þrátt fyrir þetta er próf-endurpróf áreiðanleikinn hjá foreldrum mikill svo og hjá kennurum sem fylla út TRF. Matið hefur verið fullnægjandi þegar kemur að innihaldsréttmæti og viðmiðsréttmæti og gefur það því til kynna að hver tegund heimildarmanna getur gefið traust framlag í matsferlinu (Achenbach og Rescorla, 2001).

Hugsmíðaréttmæti ASEBA listanna styðst einnig við að sýnt hefur verið fram á marktæka tengingu með hliðstæðum kvörðum úr öðrum mælitækjum og einnig með DSM viðmiðum. Jafnframt hafa verið gerðar þvermenningarlegar eftirlíkingar af ASEBA einkennamynstri og góð útkoma hefur verið úr spám á langtímaniðurstöðum (Achenbach og Rescorla, 2001).

### **Þvermenningarlegar rannsóknir**

Til þess að þróa frekar rannsóknir í sálsýkisfræðum barna þá er mikilvægt að stilla matsaðferðum á milli landa og menningarheima saman. Ef svipaðar aðferðir gefa sama árangur á ólíkum menningarsvæðum þá styður það kraft þvermenningarlegra niðurstaðna og möguleikann á því að samlaga árangur milli menningarheima. Ef á hinn bóginn mismunandi niðurstöður fást frá ólíkum menningarheimum þá geta þær komið með vísbendingar um orsakabundna þætti sem tengdir eru mun á menningu landanna (Achenbach, 1991).

CBCL listinn hefur verið notaður í mörgum rannsóknum fyrir utan Bandaríkin, má til dæmis nefna meðtöldum farsóttarfræðasamanburði við tíðnihlutfalli vandamála í Ástralíu,

Chíle, Hollandi, Púertó Ricó og Taílandi. Þáttauppbygging CBCL listanna sem fengust fyrir bandarísk börn hafa jafnframt verið bornar saman við þáttauppbyggingar CBCL lista sem fengist hafa fyrir ísraelsk og hollensk börn (Achenbach, 1991). Jafnframt sýndi þvermenningarleg rannsókn á niðurstöðum 11.887 barna frá tólf löndum fram á miðlungs áhrif menningar á tvö heilkenni en einungis var um mjög lítil áhrif menningar að ræða á sex önnur heilkenni. Á öllum menningarsvæðunum skoruðu stelpur hærra á kvíða/þunglyndis kvarða og kvarða líkamlegrar vanlíðunar. Strákar á hinn bóginn skoruðu hærra þar sem um var að ræða athyglisvandamál, afbrotahæðun og árásargirni (Achenbach og Rescorla, 2001).

### **ASEBA í námsráðgjöf**

Við teljum að ASEBA matstækið sé gagnlegt fyrir námsráðgjafa jafnframt því að gefa kost á faglegum og skipulögðum vinnubrögðum. Tækið er þægilegt og fremur fljótlegt í notkun auk þess sem það er ekki kostnaðarsamt. Teljum við mikilvægt að námsráðgjafi öðlist réttindi til þess að leggja slíkt próf fyrir en til að fá þau réttindi þarf ráðgjafinn að vera með meistaragráðu, reynslu og þekkingu á meginþingum rannsóknum auk þess að sækja námskeið í fyrirlögn og úrvinnslu ASEBA.

Matið úr ASEBA gefur heildræna mynd af hegðunarvanda barns auk þess sem hægt er að sjá hvort hegðunarmynstrið er mismunandi eftir því hvort barnið er heima eða í skóla þar sem bæði foreldrar og kennarar fylla út matslista fyrir barnið. Jafnframt er hægt að fá sýn barnsins/unglingsins á vandann því við ellefu ára aldur fara börn að fylla út sjálfsmatslista og verður matið því enn víðtækara.

Annar kostur fyrir námsráðgjafa er sá að hægt er að nota ASEBA sem endurmatstæki og má þá kanna hversu mikil áhrif inngríp skila. Þó verður að gera sér grein fyrir því að niðurstöður sem fást úr ASEBA geta kallað á aðgerðir fagaðila og fylgir því ábyrgð að leggja matið fyrir. Matinu þarf að fylgja eftir með viðeigandi aðgerðum og í sumum tilfellum tilvísun til sérfræðinga því upp geta komið vandamál sem námsráðgjafi er ekki fær um að takast á við. Skiptir því miklu máli að námsráðgjafi sé meðvitaður um fagmennsku sína og setji mörk á því sem er og er ekki í hans verkahring.

## Lokaorð

ASEBA mælitækið er mikilvægt tæki í mati á afbrigðilegu atferli barns, sérstaklega þar sem matstækið gefur heildarmynd af vanda barnsins og því hugmyndir um hvað þarf hugsanlega að rannsaka betur. Jafnframt telst það kostur að tækið skuli vera með aðgreinda hæfnistaðla miðað við aldur og kyn auk þess sem svör listanna skuli vera í samhengi við DSM greiningarviðmið.

Tækið hefur verið ítarlega rannsakað og prófað og hinar fjölþjóðlegu rannsóknir sem hafa verið gerðar í mati á ASEBA tækinu eru mjög traustvekjandi og vekja athygli á því hversu hegðun mannsfólksins er svipuð þó það búi á sitthvoru heimshorninu við ólíkar aðstæður.

Tækið er mikið notað víðsvegar um heiminn og hefur einnig verið notað í nokkrum mæli hér á landi. Það er vel til þess fallið að koma auga á og greina allskyns vandamál sem fólk á við að stríða og auðveldar mjög þá vinnu sem felst í að bæta þá þætti sem skapa vandamál hjá einstaklingnum þar sem búið er að staðsetja tilfinningalíf hans, líðan og hegðun. Það er kostur að skipta ASEBA spurningalistunum niður eftir aldri því þá verður tækið sértækara fyrir hvern hóp fyrir sig og sú tilhöggun að láta marga aðila sem að einstaklingnum koma gera sitt matið hvert skapar mikið magn af nauðsynlegum upplýsingum um einstaklinginn sem ekki myndu allar koma fram á sjónarsviðið ef aðeins einn aðili fyllti út spurningalista.

Það er mat okkar að ASEBA tækið sé góður kostur til að staðsetja og finna vandamál sem einstaklingar eiga við að stríða auk þess sem það er þægilegt og fremur fljótlegt í notkun og ættu því ráðgjafar á öllum skólastigum að geta nýtt sér það.

## Heimildaskrá

Achenbach, T.M. (1978). *Research in Developmental Psychology: Concepts, Strategies, Methods*. New York, NY: The Free Press.

Achenbach, T.M. (1991). *Manual for the Child Behavior Check List/4-18 and 1991 Profile*. Burlington, VT: University of Vermont Department of Psychiatry.

Achenbach, T.M. (2001a). *CBCL, Spurningarlisti yfir atferli barna og unglunga á aldrinum 6 – 18 ára*. (Íslensk þýðing ASEBA á Íslandi, sf. 2004).

Achenbach, T.M. (2001b). *YSR, Spurningarlisti fyrir börn og unglunga. 11 – 18 ára*. (Íslensk þýðing ASEBA á Íslandi, sf. 2004).

Achenbach, T.M. og Rescorla, L.A. (2001). *Manual for the ASEBA School-Age Forms & Profiles*. Burlington, VT: University of Vermont, Research Center for Children, Youth and Families.

ASEBA, Achenbach System of Empirically Based Assessment. (2006a). *About us*. Sótt 15. apríl, 2006 frá [http://www.aseba.org/ABOUTUS/aboutus\\_start.html](http://www.aseba.org/ABOUTUS/aboutus_start.html)

ASEBA, Achenbach System of Empirically Based Assessment. (2006b). *ASEBA Origins*. Sótt 15. apríl, 2006 frá <http://www.aseba.org/ABOUTUS/origins.html>

ASEBA, Achenbach System of Empirically Based Assessment. (2006c). *Later developments*. Sótt 15. apríl, 2006 frá [http://www.aseba.org/ABOUTUS/later\\_developments.html](http://www.aseba.org/ABOUTUS/later_developments.html)

ASEBA, Achenbach System of Empirically Based Assessment. (2006d). *ASEBA Overview*. Sótt 17. apríl, 2006 frá [http://www.aseba.org/ABOUTUS/aseba\\_overview.html](http://www.aseba.org/ABOUTUS/aseba_overview.html)



ASEBA á Íslandi, sf. (e.d.). *Hvað er ASEBA?* Sótt 15. apríl, 2006 frá

<http://aseba.castor.is/hvader.htm>

Halldór Guðmundsson. (2006). Rannsóknir og greinar. Sótt 16. apríl, 2006 frá

<http://aseba.castor.is/Skjol%20a%20heimasidu/sendar%20glaerur.ppt>

Jón Pétur Jónsson. (2005). Ólíkir menningarheimar – sömu vandamál. *Morgunblaðið*.

Sótt 16. apríl 2006 af

<http://aseba.castor.is/Skjol%20a%20heimasidu/Viðtal%2016%20sept%2005.doc>

Walsh, W.B. og Betz, N.E. (2001). *Tests and Assessment* (4. útgáfa). Upper Saddle River, NJ: Prentice Hall.

### **Viðaukar**

1. Spurningalisti yfir atferli barna og unglunga á aldrinum 6 – 18 ára
2. Spurningalisti fyrir börn og unglunga 11 – 18 ára. Sjálfsmatslisti
3. Upplýsingar frá kennara barns á aldrinum 6 – 18 ára.
4. 1991 CBCL Profile for Girls – Competence Scales (Achenbach, 1991).